Seljaborg	-15	-13	1	95	103	8	25	25	0	105	114	9	8,1%	-2	-1,5%
Mýri	0	0	0	0	0	-1	1	-1	-1	1	-1	-2	x	-1	-1,7%
Leiksk. hættir rekstri	0	0	0	0	-1	-1	0	0	0	0	-1	-1	x	-6	
Samtals	-1.397	-1.385	12	10.423	10.781	358	2.903	2.574	-329	11.929	11.970	41		-173	

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2018 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Frístundahluti


Frístundahluti (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	741	672	69	10,3%
Laun og launat. gj.	3.177	3.311	-134	-4,1%
Annar rekstrark.	929	833	96	11,6%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>3.365</b>	<b>3.472</b>	<b>-107</b>	<b>-3,1%</b>

Tekjur voru 741 m.kr. sem var um 69 m.kr. yfir áætlun eða 10,3%.

Laun og launatengd gjöld voru 3.177 m.kr. sem var 134 m.kr. eða 4,1% undir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var 929 m.kr. sem var um 96 m.kr. eða 11,6% yfir fjárheimildum.

Nettó útgjöld frístundahluta SFS voru 3.365 m.kr. sem var 107 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins eða 3,1%.





Annar rekstrarkostnaður frístundastarf	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	340	328	12	3,6%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	7		7	
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	109	120	-11	-9,1%
Kennsluefni	28	61	-34	-54,9%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	27	10	16	156,2%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	57	54	3	6,3%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	122	31	91	290,3%
Húsaleiga	35	24	11	46,3%
Aðkeypt vinna	57	7	50	690,3%
Rafmagn, hiti og vatn	18	17	1	3,3%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	130	179	-50	-27,7%
Samtals ýmis kostnaður	583	505	78	15,4%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>929</b>	<b>833</b>	<b>96</b>	<b>11,6%</b>

Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Miðlægt og endurúthlutun	4	10	-6	39	119	-79	110	85	25	146	194	-48	-24,6%	Afgangur
Frístundaklúbbar	10	13	-3	177	202	-25	50	42	8	218	231	-14	-5,9%	Afgangur
Frístundaheimili	680	643	37	2.096	2.112	-16	383	325	58	1.800	1.794	6	0,3%	Halli
Frístundamiðstöðvar	48	6	42	864	878	-14	386	380	5	1.201	1.252	-51	-4,1%	Afgangur
<b>Samtals</b>	<b>741</b>	<b>672</b>	<b>69</b>	<b>3.177</b>	<b>3.311</b>	<b>-134</b>	<b>929</b>	<b>833</b>	<b>96</b>	<b>3.365</b>	<b>3.472</b>	<b>-107</b>	<b>-3,1%</b>	<b>Afgangur</b>

Frístundastarf (m.kr.)	Tekjur		Laun		Kostnaður			Samtals		Samtals		Samtals	
	raun	áætlun	raun	áætlun	raun	áætlun	frávik	raun	áætlun	raun	áætlun	frávik	Frávik %
Frístundaklúbbar	-7	-9	126	143	32	28	-4	151	162	11	6,9%		
Ársel	-71	-64	336	323	93	108	14	358	367	9	2,4%		
Miðberg	-85	-73	413	428	146	122	-24	474	477	3	0,7%		
Tjörn	-151	-150	672	695	173	167	-6	695	713	18	2,6%		
Gufunesbær	-106	-96	456	483	109	87	-22	459	474	15	3,1%		
Kringlumýri	-317	-270	1.135	1.120	265	236	-29	1.083	1.086	3	0,3%		
Samtals	-738	-662	3.137	3.192	819	748	-71	3.219	3.278	59			
Miðlæg verkefni	-4	-10	39	119	110	85	-25	146	194	48	24,6%		
Samtals frístund	-741	-672	3.177	3.311	929	833	-96	3.365	3.472	107	3,1%		


Frístundamiðstöðvar að meðtöldum frístundaheimilum og klúbbum voru rekin með 59 m.kr. afgangi og miðlægir liðir með 48 m.kr. afgangi, samtals var afgangur 107 m.kr.

## Yfirstjórn og miðlægir liðir

SFS Yfirstjórn (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	18	1	17	
Laun og launat. gj.	882	835	48	5,7%
Annar rekstrark.	382	435	-53	-12,2%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.247</b>	<b>1.269</b>	<b>-22</b>	<b>-1,8%</b>

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir: Útgjöld voru 1.247 m.kr. sem voru 22 m.kr. undir fjárheimildum eða 1,8%, sem skiptist þannig:

Skrifstofur SFS: Útgjöld voru 1.031 m.kr. sem var 21 m.kr. yfir fjárheimildum eða 2,1%. Tekjur sem koma fram eru vegna námsleyfa og námskeiðahalds.



**Skóla- og frístundaráð:** Útgjöld voru 2 m.kr. umfram fjárheimildir.


**Miðlægir liðir/styrkir SFS:** Útgjöld voru 183 m.kr. sem var 45 m.kr. undir fjárheimildum eða 19,8%.

## Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	70	58	11	19,5%
Laun og launat. gj.	326	350	-24	-6,9%
Annar rekstrark.	1.457	1.479	-22	-1,5%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.713</b>	<b>1.770</b>	<b>-57</b>	<b>-3,2%</b>

**Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar:** Útgjöld voru samtals 1.713 m.kr. eða um 57 m.kr. undir fjárheimildum eða 3,2% á tímabilinu, sem skiptist þannig:

**Tónlistarskólar:** Útgjöld voru um 1.224 m.kr. eða 33 m.kr. undir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem **Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 951 m.kr.** og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu **273 m.kr.**



**Skólahljómsveitir ásamt tónlistarskóla Kjalarness:** Útgjöld voru 284 m.kr. sem var 20 m.kr. undir fjárheimildum.

**Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar:** Útgjöld voru 198 m.kr., sem var 2 m.kr. undir fjárheimildum. Námsflokkar Reykjavíkur voru 1,8 m.kr. undir fjárheimildum, framlög til framhaldsskóla voru 0,2 m.kr. undir fjárheimildum og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru samkvæmt áætlun.

Stofnun	Skólahljómsveitir og tónlistarskóli Kjalarness												
	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	-5	-5	0	61	69	7	10	6	-4	66	70	4	5,2%
Skólahljómsveit Grafarvogs	-5	-5	0	65	68	4	8	6	-2	68	70	2	2,5%
Skólahljómsveit Vesturbæjar	-5	-5	0	70	70	0	3	7	4	68	72	4	6,0%
Skólahljómsveit Austurbæjar	-6	-5	2	64	70	5	7	6	-1	65	71	6	8,2%
Tónlistarskóli Kjalarness	-2	-1	1	18	20	2	0	2	2	16	21	5	22,7%
<b>Samtals</b>	<b>-23</b>	<b>-20</b>	<b>3</b>	<b>278</b>	<b>296</b>	<b>18</b>	<b>29</b>	<b>28</b>	<b>-1</b>	<b>284</b>	<b>304</b>	<b>20</b>	

## Langtímaforföll

Útgjöld vegna langtímaveikinda námu alls um 761 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístund. Fjárheimildir vegna langtímaveikinda eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað út honum til að mæta kostnaði við veikindi starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Gjaldfærð langtímaforföll í grunnskólum og leikskólum voru samtals 3 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu.

Langtímaforföll (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	402	399	-3
Leikskóli	338	338	0
Frístund	21	21	0
<b>Samtals</b>	<b>761</b>	<b>758</b>	<b>-3</b>

Í desember 2018 samþykkt í borgarstjórn að í stað þess að SFS skilaði fjárheimildum m.a. vegna færri barna væri heimilt að gera tilfærslur á fjárheimildum milli sviðshluta SFS og innan málaflokka til að koma á móts við fjárþörf vegna langtímaforfalla. Fjárheimildir langtímaforfalla hjá grunnskólum voru auknar um 106 mkr og hjá leikskólum um 62 mkr.

## Stuðningur og sérkennsla

Útgjöld vegna stuðnings og sérkennslu námu alls 4.043 m.kr. sem var 119 m.kr. undir fjárheimildum.

Borgarstofnanir fá úthlutað til stuðnings og sérkennslu að hluta til beint samkvæmt úthlutunarlíkani og að hluta til mánaðarlega í samræmi við þjónustuþyngd sem áætlað er fyrir í miðlægum pottum. Fjárheimild sem er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani er nefnd *almennur stuðningur* en fjárheimild sem kemur úr miðlægum pottum er nefnd *sértækur stuðningur*. Einkareknar stofnanir fá greitt skv. þjónustuþyngd.

Stuðningur og sérkennsla (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	2.414	2.414	0
Leikskóli	1.132	1.132	0
Frístund	497	616	119
<b>Samtals</b>	<b>4.043</b>	<b>4.162</b>	<b>119</b>

Úthlutun úr miðlægum pottum miðast við það fjármagn sem til staðar er í pottinum og reynist þjónustuþyngd meiri en fjárheimildir, getur það myndað halla á starfsstöðum.

Í desember 2018 var samþykkt í borgarstjórn að í stað þess að SFS skilaði fjárheimildum m.a. vegna færri barna væri heimilt að gera tilfærslur á fjárheimildum milli sviðshluta SFS og innan málaflokka til að koma á móts við fjárþörf vegna stuðnings og sérkennslu. Hjá grunnskólum voru fjárheimildir stuðnings og sérkennslu auknar um 188,7 m.kr. og hjá leikskólum um 164 mkr.

## Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Heildaráætlun sviðsins um ráðstöfum ramma til einstakra stofnana endurspeglar ekki áætlanir stofnana um ráðstöfun fjárhemilda. Brynt er að laga þetta.
- Miðað við fyrirliggjandi gögn sviðsins getur fjármálaskrifstofa ekki rakið hvaða þjónusta er veitt varðandi sérkennslu og stuðning og hvað hún kostar hjá einstökum stofnunum sviðsins heldur einungis hvernig fjárheimildum er dreift út frá reglum sviðsins um sérkennslu og stuðning. Mikilvægt er að bæta skráningu á veittri sérkennslu og stuðningi hjá stofnunum sviðsins og þörfum stofnana fyrir fjármagn samkvæmt greiningu til að unnt sé að meta hvort fjárþörf sé fyrir hendi. Þess skal getið að stofa hefur í samstarfi við skóla- og frístundasvið nýverið sett af stað vinnu við rýningu á meðhöndlun fjárheimilda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér að tekið verði til rýningar aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar, þar með talið úthlutun á fjármagni til stuðnings og sérkennslu.
- Varðandi ferðaþjónustu fatlaðra nemenda eru skýrar vísbendingar um að Reykjavíkurborg beri of þungan hluta af kostnaði við akstursþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem er í skoðun.
- Upp úr miðju ári 2018 gerði skóla- og frístundasvið borgarstjóra grein fyrir því að útgjöld vegna sérkennslu og stuðning og langtímaveikinda hjá grunnskólum og leikskólum borgarinnar stefndu í veruleg frávik árinu. Undir lok ársins fékk sviðið heimildir til þess að færa til fjármagn innan sviðsins til þess að takast á við þennan vanda, sem við uppgjör ársins nam alls um 520,7 m.kr. (þ.e. 168 m.kr. vegna langtímaveikinda og 352,7 m.kr. vegna sérkennslu og stuðnings). Skýringin á því er að unnt var að takast á við málið innan sviðsins er einkum eftirfarandi:

Farteymi, talmeina- og hegðunarráðgjafar fór hægar af stað en ráð var fyrir gert og var hægt að færa til fjármagn innan grunnskólahluta um 130,6 m.kr. vegna þessa.

Börn á leikskólum borgarinnar hafa verið mun færri en áætlanir gerðu ráð fyrir og fjármagnað hafði verið við upphaf ársins. Undir lok ársins var gert ráð fyrir að afgangur yrði af endurúthlutunarpotti leikskóla, þar sem haldið er utanum þetta fjármagn, upp á um 550 m.kr. sem er um 339 færri börn en áætlað hafði verið. Undir venjulegum kringumstæðum hefði sviðið þurft að skila þessu fjármagni í desember.

Í þriðja lagi var afgangur af rekstri frístundaheimila vegna þess að hægar gekk að ráða fólk til starfa en áætlað var, sem nam um 107 m.kr., þrátt fyrir flutning á 30 m.kr. fjárheimildum yfir til sviðshluta grunnskóla.

Samtals nema þessar fjárhæðir um 787 m.kr.


Á móti kemur að barnafjöldi í grunnskólum var meiri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir á haustönn eða um 140 börn, kjarasamningsbundnar launahækkningar vantaði á viðbótarfjárheimildir m.v. árið 2017 og nýjar úthlutunarreglur sem byggja á hópaúthlutun kostuðu meira en lagt var upp með. Námu þessir liðir alls um 180 m.kr.

Nettó nema fjárheimildir vegna þessa sem hér er að ofan talið um 600 m.kr. sem er talsverður viðsnúningur m.v. þá sýn sem birtist í rekstarniðurstöðu sviðsins sem sýnir 173 m.kr. í afgang. Sé þetta tekið með í reikninginn má ætla að halli sviðsins hefði numið allt að 430 m.kr.

### Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Grunnskólahluti sviðsins var 164 m.kr. yfir fjárheimildum eða 0,6%. Leikskólahluti var hins vegar 151 m.kr. undir fjárheimildum eða 1%. Frístundahluti var 107 m.kr. undir fjárheimildum eða 3,1%. Yfirstjórn var 22 m.kr. eða 1,8% og listaskólar og námsflokkar voru 57 m.kr. undir fjárheimildum eða 3,2%. Samtals var sviðið 173 m.kr. undir fjárheimildum eða 0,3%.
- Á árinu 2018 voru 22 borgarreknir grunnskólar með samtals 526 m.kr. í halla og 24 borgarreknir leikskólar með samtals 163 m.kr. halla. Í greinargerð með árshlutauppgjöri Reykjavíkurborgar janúar til september var lagt til að fjármálaskrifstofu yrði falið að koma með greiningu og aðgerðaráætlun um umbætur í rekstri á grundvelli ráðgjafar ytri ráðgjafa sem falið verði að rýna reksturinn í þessum skólum og koma með tillögur til úrbóta í rekstri sbr. ákvæði 3.4. í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg. Nýverið hefur borgarráð þess í stað samþykkt að koma á fót starfshópi fjármálaskrifstofu og skóla- og frístundasviðs til að rýna aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar.
- Kostnaður vegna langtímaveikinda er talsvert umfram fjárheimildir. Mikilvægt er að forgangsraða fjárheimildum sviðsins til að tryggja fjármögnun á þessum lið.
- Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna á sviðinu var 460 m.kr. yfir fjárheimildum eða 140%, einkum hjá leikskólum sem voru 144 m.kr yfir fjárheimildum eða 291%.


## 1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	3.969	3.462	507	14,6%
Laun og launat. gj.	2.409	2.492	-83	-3,3%
Annar rekstrark.	8.414	8.277	137	1,7%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>6.855</b>	<b>7.308</b>	<b>-453</b>	<b>-6,2%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2018 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 6.855 m.kr.** eða 453 m.kr. undir fjárheimildum ársins eða um 6,2%.



\*USK tók við rekstri bílastæðasjóðs á árinu 2017

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2017.

Umvhverfis- og skipulagssvið	Eining	Raun 2018	Upprunaleg áætlun 2018	Esk áætlun 2018	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2017	Mism. milli ára	%
Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar	UK1	699	748	757	-58	-7,7%	672	26	3,9%
Skipulagsfulltrúi	UK2	203	249	250	-47	-18,8%	174	29	16,7%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	UK3	-482	-88	-85	-398	470,8%	-457	-25	5,5%
Byggingarfulltrúi	UK4	-97	66	68	-165	-241,4%	-23	-74	316,8%
Umvhverfisgæði	UK5	503	476	511	-8	-1,5%	380	123	32,5%
Heilbrigðiseftirlit	UK6	120	113	114	7	5,7%	65	56	86,4%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	UK7	1.092	1.117	1.119	-27	-2,5%	881	210	23,9%
Rekstur og umhirða borgarlands	UK9	4.817	4.499	4.573	244	5,3%	4.121	696	16,9%
Umvhverfis- og skipulagssvið	USKRK	<b>6.855</b>	<b>7.180</b>	<b>7.308</b>	<b>-453</b>	<b>-6,2%</b>	<b>5.812</b>	<b>1.042</b>	<b>17,9%</b>

## Þjónustupættir USK

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2018	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2018	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2018	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2018	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlæg þjónusta	267	265	2	435	450	-14	530	572	-42	699	757	-58	-7,7%
Skipulagsfulltrúi	119	66	53	191	180	11	131	136	-4	203	250	-47	-18,8%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	1.343	1.049	295	326	377	-51	535	587	-52	-482	-85	-398	470,6%
Byggingarfulltrúi	340	203	137	225	232	-7	18	39	-21	-97	68	-165	-241,4%
Umvhverfisgæði	1.666	1.669	-3	893	911	-18	1.276	1.270	7	503	511	-8	-1,5%
Heilbrigðiseftirlit	193	179	14	249	241	9	64	52	12	120	114	6	5,7%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	0	0	0	0	0	0	1.092	1.119	-27	1.092	1.119	-27	-2,5%
Rekstur og umhirða borgarlands	40	31	10	90	102	-12	4.768	4.502	266	4.817	4.573	244	5,3%
<b>Samtals</b>	<b>3.969</b>	<b>3.462</b>	<b>507</b>	<b>2.409</b>	<b>2.492</b>	<b>-83</b>	<b>8.414</b>	<b>8.277</b>	<b>137</b>	<b>6.855</b>	<b>7.308</b>	<b>-453</b>	<b>-6,2%</b>

**Skrifstofa sviðsstjóra og miðlæg þjónusta** var 58 m.kr. undir fjárheimildum ársins. Sviðsstjóri var 18 m.kr. undir fjárheimildum ársins og skrifstofa sviðsstjóra var 13 m.kr. undir fjárheimildum ársins, sem skýrist einkum af lægri launakostnaði, lægri kostnaði við kaup á auglýsingum og sérfræðiþjónustu, en gert var ráð fyrir í áætlun.

**Skipulagsfulltrúi** var 47 m.kr. undir fjárheimildum ársins. Tekjur voru 53 m.kr. yfir áætlun, laun og launatengd gjöld 11 m.kr. yfir fjárheimildum og annar rekstrarkostnaður 4 m.kr. lægri en fjárheimildir ársins.

**Samgöngustjóri og borgarhönnun** var 398 m.kr. undir fjárheimildum sem var einkum vegna bílastæðasjóðs sem var með 414 m.kr. betri rekstrarniðurstöðu en áætlað var. Tekjur bílastæðasjóðs voru 281 m.kr. yfir áætlun, laun og launatengd gjöld 79 m.kr. lægri en fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður 53 m.kr. lægri en fjárheimildir ársins. Samgöngudeild var 16 m.kr. yfir fjárheimildum ársins einkum vegna launakostnaðar.

**Byggingarfulltrúi** var 165 m.kr. undir fjárheimildum ársins. Tekjur voru 137 m.kr. yfir áætlun, laun og launatengd gjöld 7 m.kr. lægri en fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður 21 m.kr. lægri en fjárheimildir ársins.

**Rekstur og umhirða borgarlandsins** var 244 m.kr. yfir fjárheimildum ársins einkum vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 423 m.kr. yfir fjárheimildum sem skýrist að mestu af vetrarþjónustu sem var 288 m.kr. yfir fjárheimildum, hreinsun borgarlandsins var 66 m.kr. yfir fjárheimildum, viðburðir voru 25 m.kr. yfir fjárheimildum og ýmislegt var 38 m.kr. yfir fjárheimildum ársins. Þá var leiga gatna 171 m.kr. undir fjárheimildum einkum vegna verðbótapáttar leigunnar.


Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs:

Lykiltölur úr rekstri - USK	2014	2015	2016	2017	2018	Breyting 2017-18
<b>Umhverfisgæði</b>						
Nemendur í Vinnuskólanum	1.577	1.425	1.174	1.041	1.949	87,2%
Fjöldi soppíláta, blandað sopp [tunnuígildi]	34.444	33.413	33.743	33.341	33.422	0,2%
Fjöldi blárra tunna [stk]	12.510	12.608	13.788	14.448	14.875	3,0%
<b>Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur</b>						
Útgefin starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits	485	455	610	611	582	-4,7%
<b>Skipulagsfulltrúi</b>						
Deiliskip. auglýst í B-deild stj.tíðinda	98	94	103	140	141	0,7%
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	132/54	120/50	172/32	191/34	96/53	
Fjöldi mála á fundum umhverfis- og skipulagsráðs	1.048	1.207	1.224	1.220	1.167	-4,3%
Fjöldi mála á embættisafgr.fundum skipulagsfulltrúa	1.848	1.988	2.101	2.198	1.942	-11,6%
<b>Byggingarfulltrúi</b>						
Samþykktir m3	530.661	911.749	719.694	1.133.118	1.567.947	38,4%
Byggðir m3 (lokið við)	257.214	451.244	1.183.848	438.326	537.704	22,7%
Fullgerðar íbúðir	271	388	399	482	461	-4,4%
Hafin smíði nýrra íbúða	597	926	922	923	1.417	53,5%
<b>Rekstur og umhirða</b>						
Sláttur - flatarmál (m2)	4.856.030	4.762.287	4.680.877	4.672.867	4.709.779	0,8%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatamál (m2)	5.311.595	6.553.778	6.585.326	6.593.437	6.610.720	0,3%

### Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Talsverðar sveiflur voru í uppgjöri sviðsins á milli einstakra liða. Vetrarþjónustan var 288 m.kr. yfir fjárheimildum.
- Rekstur bílastæðasjóðs skilaði 414 m.kr. umfram áætlun.
- Tekjur byggingarfulltrúa voru 137 m.kr. umfram áætlun og tekjur skipulagsfulltrúa voru 53 m.kr. umfram áætlun.

## 1.5 Velferðarsvið




Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	5.053	4.308	746	17,3%
Laun og launat. gj.	16.426	15.513	913	5,9%
Annar rekstrark.	9.824	9.952	-128	-1,3%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>21.196</b>	<b>21.157</b>	<b>39</b>	<b>0,2%</b>

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir árið 2018 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins í heild voru 24.368 m.kr.** sem var 70 m.kr. innan fjárheimilda.

**Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 21.196 m.kr.** sem var 39 m.kr. umfram fjárheimildir.



Stærstu frávikin voru vegna **vistgreiðslna Barnaverndar** sem

var 219 m.kr. umfram fjárheimildir og vistunarþjónustu **barna með þroska- og geðraskanir** sem var 85 m.kr. umfram fjárheimildir. **Stuðningsþjónustan** var um 107 m.kr. umfram fjárheimildir en það frávik skýrist af þungum vistunarsamningum, manneklum og veikindum. **Hjúkrunarheimilið Seljahlíð** var um 55 m.kr. umfram fjárheimildir, daggjöld heimilisins duga ekki fyrir rekstri. **Ferðaþjónusta fatlaðs fólks** var 52 m.kr. umfram fjárheimildir. **Búsetuúrræði** voru 84 m.kr. innan fjárheimilda og skýrist það af seinkun opunar á íbúðakjarna í Einholti en gert var ráð fyrir rekstri allt árið samkvæmt uppbyggingaráætlun. **Heimaþjónusta** var 63 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að breytingar á þjónustu fóru hægar af stað en áætlaða var og sökum manneklum.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2017.

Velferðarsvið án bundinna liða		Raun 2018	Upprunaleg áætlun 2018	Esk áætlun 2018	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2017	Mism. milli ára	%
Skrifstofur	VP011	3.907	3.591	3.894	13	0,3%	3.545	362	10,2%
Nefndir og ráð	VP012	59	90	90	-31	-34,6%	98	-39	-39,7%
Samningar, framlög og styrkir	VP032	3.242	3.218	3.133	109	3,5%	3.144	98	3,1%
Búsetuúrræði	VP033	6.292	6.070	6.376	-84	-1,3%	5.532	760	13,7%
Félagsmiðstöðvar	VP040	730	724	735	-5	-0,7%	707	23	3,2%
Dagþjónusta	VP046	406	400	414	-8	-2,0%	392	14	3,5%
Heimaþjónusta - Heimahjúkrun	VP050	1.953	1.944	2.016	-63	-3,1%	1.851	101	5,5%
Hjúkrunarheimili	VP055	256	201	201	55	27,4%	270	-14	-5,1%
Þjónustuíbúðir	VP060	580	560	577	3	0,5%	545	35	6,5%
Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla	VP087	2.002	1.864	1.895	107	5,7%	1.776	226	12,7%
Ýmis úrræði	VP098	870	603	617	253	40,9%	723	147	20,3%
Próunarverkefni	VP110	536	562	666	-129	-19,4%	420	116	27,6%
Önnur gjöld	VP140	362	438	542	-180	-33,2%	188	175	92,9%
Þjónustusamningar (safn)	VP191	0	0	0	0	-	0	0	-
<b>Velferðarsvið án bundinna liða</b>	<b>VEL</b>	<b>21.196</b>	<b>20.267</b>	<b>21.157</b>	<b>39</b>	<b>0,2%</b>	<b>19.192</b>	<b>2.004</b>	<b>10,4%</b>

## Þjónustubættir Velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2018		Laun og launatengd gjöld		Annar kostnaður		Nettó útgjöld		Áætlun 2017		%	
		Áætlun 2018	Frávik	Áætlun 2018	Frávik	Áætlun 2018	Frávik	Áætlun 2018	Frávik				
Skrifstofur, nefndir og ráð	42	0	42	3.139	3.107	31	869	878	-8	3.966	3.985	-19	0%
Samningar, framlög og styrkir	261	134	126	0	0	0	3.502	3.268	235	3.242	3.133	109	3%
Búsetuúrræði	279	67	212	6.001	5.400	601	570	1.043	-472	6.292	6.376	-84	-1%
Félagsmiðstöðvar	131	142	-11	372	416	-44	489	461	28	730	735	-5	-1%
Dagþjónusta	168	173	-5	415	420	-5	159	167	-8	406	414	-8	-2%
Heimaþjónusta	155	174	-20	1.690	1.763	-73	422	432	-10	1.958	2.021	-63	-3%
Heimahjúkrun	1.426	1.377	48	1.206	1.082	125	214	290	-76	-5	-5	0	0%
Hjúkrunarheimili	1.347	1.191	156	1.225	1.024	201	378	368	10	256	201	55	27%
Þjónustuíbúðir	139	157	-18	503	499	5	216	235	-19	580	577	3	1%
Skammtí mavistun, stuðnings- fjölskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla	17	16	1	1.300	1.219	82	719	692	26	2.002	1.895	107	6%
Framleiðslueldhús	254	255	-1	157	128	28	247	235	13	150	107	42	39%
Unglingamiðja og Stuðningsheimili	2	2	0	55	51	4	21	31	-10	74	79	-5	-7%
Virkiverkefni	0	0	0	97	122	-26	20	17	3	116	139	-22	-16%
NPA	103	76	27	0	0	0	398	397	1	294	321	-27	-8%
Úrræði Barnavernd	16	0	16	22	18	4	641	410	232	647	427	220	51%
Hælisleitendur	625	475	150	104	79	25	464	397	67	-57	1	-58	-4779%
Önnur verkefni	89	67	22	139	184	-45	494	633	-139	544	750	-207	-28%
<b>Samtals</b>	<b>5.053</b>	<b>4.308</b>	<b>746</b>	<b>16.426</b>	<b>15.513</b>	<b>913</b>	<b>9.824</b>	<b>9.952</b>	<b>-128</b>	<b>21.196</b>	<b>21.157</b>	<b>39</b>	<b>0%</b>

### Helstu frávik

**Skrifstofur, nefndir og ráð** voru 19 m.kr. innan fjárheimilda. Skrifstofa velferðarsviðs var 5 m.kr. innan fjárheimilda. Barnavernd Reykjavíkur var 79 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af aðkeyptri sérfræðiþjónustu s.s. túlkapjónustu, lögfræði- og sálfræðiþjónustu. Rekstur þjónustumiðstöðva var 17 m.kr. umfram fjárheimildir. Hverfisráð voru 31 m.kr. innan fjárheimilda þar sem að þau störfuðu einungis fyrstu mánuði ársins.

**Samningar, framlög og styrkir** voru 109 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3% sem rekja má að hluta til ferðaþjónustu fatlaðs fólks sem var um 52 m.kr. umfram fjárheimildir og vegna vistunarþjónustu barna með þroska- og geðraskanir 85 m.kr.

**Búsetuúrræði** voru 84 m.kr. innan fjárheimilda eða 1%. Tekjur vegna búsetuúrræða voru 212 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir, hlutur ríkisins í rekstri Öryggisvistar nam 161 m.kr en kostnaður borgarinnar vegna hennar nam um 30 m.kr. Launakostnaður var 601 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist m.a. af kostnaði vegna Öryggisvistar þar sem tekjur koma á móti og áætlun annars rekstrarkostnaður vegur þar einnig upp á móti þar sem að hann var 472 m.kr. innan fjárheimilda.

**Heimaþjónusta** var 63 m.kr. eða 3% innan fjárheimilda vegna þess að breytingar á þjónustu fóru hægar af stað en áætlaða var og sökum manneklu. **Heimahjúkrun** var á pari.

**Hjúkrunarheimili** voru 55 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur Droplaugarstaða var á pari en hjúkrunarheimilið Seljahlíð var 55 m.kr. umfram fjárheimildir eða 27%. Hjúkrunarheimilið er óhagstæð rekstrareining og daggjöld frá ríkinu dekla ekki reksturinn.

**Þjónustuíbúðir** voru 3 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 1% sem rekja má til lægri tekna en áætlun gerði ráð fyrir. Þetta skýrist af breytingum á eignarhaldi þjónustuíbúða í Seljahlíð þar sem Félagbústaðir keyptu íbúðirnar og tóku yfir reksturinn á eignunum. Ekki var búið að breyta tekjuáætluninni fyrir þjónustuíbúðir í Seljahlíð við þessa breytingu.

**Skammtí mavistun, stuðningsfjölskyldur og frekari liðveisla** voru 107 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6%. Tekjur voru á pari. Laun og launatengd gjöld voru 82 m.kr. umfram fjárheimildir ásamt því að annar rekstrarkostnaður var 26 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af þungum vistunarsamningum. Skammtí mavistanir sviðsins voru um 45 m.kr. umfram fjárheimildir og skýrist yfirfrávik að mestu vegna manneklu, greiðslu yfirvinnu og veikinda.

**Framleiðslueldhús** var 42 m.kr. eða 39% umfram fjárheimildir sem skýrist að hluta vegna langtímaveikinda. Þá tók framleiðslueldhúsið við rekstri á akstri vegna heimsendingar fæðis sem var í höndum verktaka. Þessi breyting hefur í för með sér aukinn kostnað fyrst um sinn en þegar á líður mun breytingin leiða til sparnaðar.

**Úrræði Barnaverndar** var 220 m.kr. eða 51% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist að mestu af vistgjöldum sem voru 219 m.kr. umfram fjárheimildir en börn sem fara í vistun eru með fjölbættari vanda en áður og úrræðin dýrari af þeim sökum. Barnalífeyrir er greiddur til vistforeldra barna eða þeim sem sjá um framfærslu þeirra að fullu. Vegna vistunar er greiddur margfeldi af barnalífeyri TR, en mat á fjölda greiðslna fer eftir reglugerð nr. 858/2013 og viðmiðunarreglum BR. Frá árinu 2010 hefur meðalfjöldi greiddra lífeyriseininga til vistforeldra með hverju barni hækkað úr 3,2 í 5,3 eða um 53%. Á sama tímabili hefur barnalífeyrir Tryggingastofnunar hækkað um 46%. Þá hefur fækkun úrræða hjá Barnaverndarstofu, sem barnaverndarnefndir höfðu aðgang að áður án endurgjalds mikil áhrif á þróun vistkostnaðar.

**Önnur verkefni** voru 207 m.kr. innan fjárheimilda sem skýrist að hluta til á afgangi frá 2016 og 2017.



Meðalveikindahlutfall velferðarsviðs í heild fyrir tímabilið var 7,7% en var 7,4% á síðasta ári.

## Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	628	253	376	148,7%
Laun og launat. gj.	6.611	6.057	554	9,1%
Annar rekstrark.	3.476	3.763	-287	-7,6%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>9.459</b>	<b>9.568</b>	<b>-109</b>	<b>-1,1%</b>

Nettó útgjöld Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 9.459 m.kr. sem var 109 m.kr. innan fjárheimilda vegna seinkunar á opnun íbúðarkjarna Einholti. Tekjur voru 376 m.kr. umfram fjárheimildir. Launakostnaður var 6.611 m.kr. sem var 554 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9,1%. Annar rekstrarkostnaður var 3.476 m.kr. sem var 287 m.kr. innan

fjárheimilda eða 7,6%.

Útgjöld Velferðarsviðs að tekjum undanskildum í málefnum fatlaðs fólks voru 10.087 m.kr. og námu 38% af heildarútgjöldum sviðsins án bundinna liða.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2014	2015	2016	2017	2018	Breyting 2017-18
<b>Heimþjónusta</b>						
Fjöldi heimila	3.725	3.745	3.674	3.674	3.608	-1,8%
Heildarkostnaður - þús. kr. vegna liðveislu, frekari liðveislu, tilsjónar/persónul. ráðgj., stuðningsfjölskyldna og stuðningsins heim	1.538.599	1.810.299	1.763.801	1.858.821	1.957.712	5,3%
<b>Heimahjúkrun</b>						
Fjöldi heimila	2.348	2.387	2.379	2.357	2.268	-3,8%
Heildarkostnaður - þús. kr. vegna liðveislu, frekari liðveislu, tilsjónar/persónul. ráðgj., stuðningsfjölskyldna og stuðningsins heim	1.223.913	1.305.400	1.387.381	1.433.134	1.420.657	-0,9%
<b>Heimsendur matur</b>						
Fjöldi notenda	920	960	924	851	799	-6,1%
Fjöldi máltíða	104.323	108.551	106.277	98.085	92.498	-5,7%
<b>Stuðningsþjónusta</b>						
Heildarkostnaður - þús. kr. vegna liðveislu, frekari liðveislu, tilsjónar/persónul. ráðgj., stuðningsfjölskyldna og stuðningsins heim	1.313.573	1.432.229	1.547.534	1.776.235	2.002.447	12,7%
Fjöldi notenda sem fær liðveislu eða tilsjón/persónulega ráðgjöf	654	747	649	667	693	3,9%
Fjöldi notenda sem fær frekari liðveislu	158	182	200	214	211	-1,4%
Fjöldi barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu	89	91	99	136	161	18,4%
Fjöldi fatlaðra barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu	220	210	173	173	194	12,1%

## Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Heildstæða greiningu á tekjum og útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks er að finna undir kafla 5 en þar kemur fram að halli borgarsjóðs skv. bráðabirgðauppgjöri var 2.807 m.kr. árinu 2018.

### Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 39 m.kr. yfir fjárheimildum eða 0,2%. Stærstu frávikin eru vegna vistgreiðslna Barnaverndar Reykjavíkur sem voru 219 m.kr. umfram fjárheimildir og stuðningsþjónustu sem var 107 m.kr. yfir fjárheimildum. Í sex og níu mánaða uppgjörum stefni í töluverðan hallarekstur sem sviðinu tókst að ná tókum á þegar leið á árið.
- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 2.807 m.kr. eða 36% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþróttá- og tómsundastýrðar við fötlud ungmenni á vegum Hins hússins. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármálaskrifstofu með ársreikningi 2018.
- Á árinu 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, þar á meðal um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Lögin fólu í sér auknar kröfur til sveitarfélaga án þess að því fylgdi viðbótarfjármagn, sjá nánar umsögn Reykjavíkurborgar með málinu á vef alþingis: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-195.pdf>.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 256 m.kr. árið 2018. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugastaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármálaskrifstofu með ársreikningi 2018.

- Varðandi ferðapjónustu fatlaðs fólks eru vísbendingar um að Reykjavíkurborg beri of þungan hluta af kostnaði við akstursþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem er í skoðun. Samningurinn um þessa þjónustu rennur út á árinu 2019 og í undirbúningi er útboð ferðapjónustunnar.

## 1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Annar rekstrarkostnaður	3.171	3.280	-109	-3,3%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>3.171</b>	<b>3.280</b>	<b>-109</b>	<b>-3,3%</b>

eru í milljónum króna.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2017.

Velferðarsvið - bundnir liðir		Raun 2018	Upprunaleg áætlun 2018	Esk áætlun 2018	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2017	Mism. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð	VP020	2.096	1.974	1.974	122	6,2%	1.946	150	7,7%
Húsaleigubætur	VP025	1.075	976	1.306	-232	-17,7%	827	248	30,0%
Velferðarsvið bundnir liðir	VEL	<b>3.171</b>	<b>2.950</b>	<b>3.280</b>	<b>-109</b>	<b>-3,3%</b>	<b>2.773</b>	<b>398</b>	<b>14,3%</b>
<b>Samtals</b>		<b>96.839</b>	<b>94.473</b>	<b>97.892</b>	<b>-1.053</b>	<b>-1,1%</b>	<b>89.105</b>	<b>7.734</b>	<b>8,7%</b>

**Nettó útgjöld bundinna liða voru 3.171 m.kr.** sem var 109 m.kr. eða 3,3% innan fjárheimilda.


**Fjárhagsaðstoð:** Kostnaður var 2.096 m.kr. sem var 122 m.kr. eða 6,2% umfram fjárheimildir. Notendur fjárhagsaðstoðar voru 955 á árinu sem var fjölgun um 86 eða 9% frá árinu 2017.

Fjárhagsaðst. (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.605	1.457	148	10,2%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	365	381	-16	-4,1%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	97	103	-6	-5,6%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	29	34	-5	-13,6%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>2.096</b>	<b>1.974</b>	<b>122</b>	<b>6,2%</b>

Notendur fjárhagsaðstoðar í sex mánuði eða lengur voru 608 í lok desember og hafði fjölgað um 8 miðað við sama mánuð í fyrra.



**Framfærslustyrkur** nam 1.605 m.kr. sem var 148 m.kr. eða 10,2% umfram fjárheimildir. Fjöldi þeirra sem fengu framfærslustyrk voru alls 2.011 sem var fjölgun um 53 eða 2,7% miðað við síðasta ár.

**Heimildargreiðslur** voru alls 491 m.kr. sem var 15 m.kr. eða 5,0% innan fjárheimilda. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur voru 1.471 og er óbreyttur frá fyrra ári.



Fjöldi þeirra sem fékk sérstakan húsnæðisstuðning var 1.259 sem er fjölgun um 87 eða 7,4% ef miðað er við árið 2017.

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings, fyrir árið 2018 í samanburði við áætlun ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur



**Sérstakur húsnæðisstuðningur** var 1.075 m.kr. sem var 232 m.kr. eða 17,7% innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Sérst. húsnæðisst. alm. markaður	531	735	-204	-27,7%
Sérst. húsnæðisst. v/fél. íbúða	544	571	-28	-4,9%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>1.075</b>	<b>1.306</b>	<b>-232</b>	<b>-17,7%</b>

**Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum leigumarkaði** var 531 m.kr. eða 204 m.kr. innan fjárheimilda.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur í félagslegu húsnæði** var 544 m.kr. eða 28 m.kr. innan fjárheimilda. Alls fengu 1.983 einstaklingar sem búa í félagslegu húsnæði sérstakan húsnæðisstuðning sem er fjölgun um 86 eða 4,5% samanborið við árið 2017.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 728/2015 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði verið óheimilt að synja umsækjenda um sérstakar húsaleigubætur á þeim forsendum að hann leigði íbúð af Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins. Á grundvelli þessa dóms var gengið frá greiðslum til allra þeirra sem voru í samskonar aðstæðum og umræddur dómur tók til og uppfylltu kröfur um greiðslur sérstakra húsaleigubóta að öðru leyti.

Dómurinn tók hins vegar ekki á því hvort leigjendur Brynju, hússjóðs ÖBÍ, sem ekki höfðu lagt inn umsókn um sérstakar húsaleigubætur ættu rétt á þeim. Með tillögu borgarstjóra, samþykktari í borgarráði 3. maí 2018, var Velferðarsviði Reykjavíkurborgar falið að kanna rétt umræddra leigjenda til sérstakra húsaleigubóta afturvirkir frá júní 2012 í samræmi við þágildandi reglur og reikna dráttarvexti. Þannig var Velferðarsviði Reykjavíkurborgar falið að afgreiða kröfur um greiðslu sérstakra húsaleigubóta frá leigjendum Brynju, hússjóðs ÖBÍ, án tillits til þess hvort að umsókn hafi legið fyrir. Þá var einnig lagt til að Velferðarsvið Reykjavíkurborgar greiddi dráttarvexti til þeirra sem áttu rétt á greiðslum sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann án þess að gerð væri sérstök krafa um það.


Á grundvelli tillögu frá borgarstjóra greiddi Velferðarsvið Reykjavíkurborgar alls 210 m.kr. til 415 einstaklinga í afturvirkar sérstakar húsaleigubætur og dráttarvexti að fjárhæð 156 m.kr. til 432 einstaklinga.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2014	2015	2016	2017	2018	Breyting 2017-18
<b>Fjárhagsaðstoð</b>						
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	3.269	2.898	2.259	1.958	2.011	2,71%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	2.039	1.958	1.715	1.471	1.471	0,00%
Fjárhagsaðstoð alls - Fjöldi heimila	4.093	3.677	3.036	2.648	2.604	-1,66%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr	2.374.565	2.236.186	1.717.313	1.472.437	1.604.748	8,99%
Heimildargreiðslur - þús. kr	627.522	631.535	523.396	473.967	462.177	-2,49%
Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr	3.002.087	2.867.721	2.240.709	1.946.404	2.066.925	6,19%
<b>Húsaleigubætur</b>						
Húsaleigubætur (almennar) - Fj. heimila	8.846	8.548	8.038			
Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila	1.313	1.291	1.201	1.172	1.259	7,4%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila	2.233	2.265	2.298	1.897	1.983	4,5%
Húsaleigubætur (almennar) - þús. kr	2.100.106	2.000.598	1.870.123			
Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr	342.179	348.845	319.436	316.148	531.003	68,0%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr	615.966	618.299	622.842	509.901	543.634	6,6%

### Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 122 m.kr. yfir áætlun og notendum þjónustunnar fjölga nú samanborið við fyrra ár. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.096 m.kr. á árinu 2018 en var 1.946 m.kr. fyrir árið 2017. Kostnaðurinn var því 150 m.kr. hærrí í ár. Notendum fjölgaði um 86 milli ára.
- Sérstakur húsnæðisstuðningur var 232 m.kr. lægri en áætlað var.
- Á grundvelli tillögu frá borgarstjóra greiddi Velferðarsvið Reykjavíkurborgar alls 210 m.kr. til 415 einstaklinga í afturvirkar sérstakar húsaleigubætur og dráttarvexti að fjárhæð 156 m.kr. til 432 einstaklinga í kjölfar Hæstaréttardóms í máli nr. 728/2015.


## 1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	1.839	1.753	86	4,9%
Laun og launat. gj.	3.138	3.218	-80	-2,5%
Annar rekstrark.	2.343	2.328	15	0,6%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>3.643</b>	<b>3.794</b>	<b>-151</b>	<b>-4,0%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss fyrir árið 2018 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 3.643 m.kr. eða 151 m.kr. undir fjárheimildum.**



Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2017.

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	Eining	Raun 2018	Upprunaleg áætlun 2018	Esk áætlun 2018	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2017	Mism. milli ára	%
Borgarlögmaður	BLÖ	127	136	136	-10	-7,1%	133	-6	-4,7%
Endurskoðun	END	90	108	108	-18	-16,6%	90	1	0,6%
Fjármálaskrifstofa	FMS	1.029	1.077	1.084	-55	-5,1%	976	53	5,4%
Mannréttindaskrifstofa	MAR	167	186	201	-34	-17,0%	163	5	2,8%
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	SBO	874	851	901	-27	-3,0%	800	74	9,3%
Skrifstofa borgarstjórnar	SBS	429	366	439	-10	-2,3%	352	76	21,6%
Umboðsmaður borgarbúa	UMB	41	42	42	-1	-2,5%	2	39	1962,6%
Skrifstofa þjónustu og rekstrar	ÞJÓ	887	775	883	4	0,5%	652	235	36,1%
<b>Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu</b>	<b>RHS</b>	<b>3.643</b>	<b>3.539</b>	<b>3.794</b>	<b>-151</b>	<b>-4,0%</b>	<b>3.166</b>	<b>476</b>	<b>15,0%</b>

**Tekjur** voru 1.839 m.kr. eða 86 m.kr. yfir áætlun. Tekjur innri endurskoðunar voru 35 m.kr. umfram áætlun vegna vinnu fyrir OR. Tekjur mannauðsdeildar voru 24 m.kr. hærri vegna greiðsluþátttöku Sambands íslenskra sveitafélaga á rekstri á starfsmati. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 14 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við fagsvið. Aðrar tekjur voru 12 m.kr. yfir áætlun.

**Laun og launatengd gjöld** voru 3.138 m.kr. eða 80 m.kr. undir fjárheimildum. Laun voru 17 m.kr. undir fjárheimildum hjá kjaradeild en fjárheimildin var nýtt í aðkeypta þjónustu, upplýsingatæknideild var 35 m.kr. undir fjárheimildum en fjárheimildin var nýtt í aðkeypta þjónustu og aðrar deildir voru 28 m.kr. undir fjárheimildum.

**Annar rekstrarkostnaður** var 2.343 m.kr., sem var 15 m.kr. yfir áætlun vegna hærri útgjalda hjá upplýsingatæknideild en áætlað var.

## Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu

